

Tillaga stjórnar að ákvæðum um gildistöku og til bráðabirgða

Breytingartillögu Þorkels Helgasonar nr. 77 var vísað til stjórnar á ráðsfundi. Á stjórnarfundi 27. júlí var samþykkt að mæla með tillögunni en með breytingum.

Gerð er tillaga um eftirfarandi orðalag:

114. gr. Gildistaka

Stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi þegar Alþingi hefur samþykkt þau í samræmi við ákvæði stjórnarskipunarlaga nr. 33 frá 17. júní 1944 með áorðnum breytingum.

Við gildistöku stjórnarskipunarlaga þessara falla úr gildi stjórnarskipunarlög nr. 33 frá 17. júní 1944 með áorðnum breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða

Þrátt fyrir ákvæði 10. mgr. 39. gr. nægir samþykki einfalds meirihluta atkvæða á Alþingi til að breyta lögum um kosningar til Alþingis til samræmis við stjórnarskipunarlög þessi eftir að þau taka gildi. Þegar sú breyting hefur verið gerð fellur ákvæði þetta úr gildi.